

# Nýjungar í Sögu

## ADT (gaADT)

### ADT - Skrá margar komur fyrir dagdeildarsjúkling

SAG-7420

Nú er hægt að skrá komu á innritunardegi ef innritun er skráð fram í tíma. Virkinn „Skrá margar komur fyrir dagdeildarsjúkling“ er eingöngu aðgengileg ef stilligildi 180 er virkt.

## ADT Innritun/Útskrift

### ADT Innritun/Útskrift - Dagdeildarsjúklingar

SAG-7398

Ef dagdeildarsjúklingur er innritaður fram í tímann þá er ekki boðið upp á að skrá hann í rúm í innritunarferlinu. Þegar mæting er síðan staðfest þá er valið rúm.

### ADT Innritun - Fyrirhuguð útskrift

SAG-7592

Ekki er lengur fyllt sjálfkrafa í fyrirhugaða útskrift þegar verið er að innrita í ferli.

### ADT Innritun/Útskrift - dagdeildarsjúklingar í rúm

SAG-7348

Nú eru rúm merkt upptekin þegar dagdeildarsjúklingur er innritaður í rúm.

## Afgreiðsla (gaSab)

### Afgreiðsla - Ný áætlun

SAG-7095

Þegar búin er til ný áætlun fyrir aðfang sem er vefbókanlegt og valið er form tímabókanar sem einnig er vefbókanlegt þá er áætlunin sjálfgefið valin sem „Vefbókanlegt fyrir skilgreindan hóp“.

### Afgreiðsla - Komur

SAG-7338

Nú verður til 0-reikningur ef einstaklingur er merktur „Farinn“ í komu flípa ef stilligildi 2039 er ekki virkt.

### Afgreiðsla

SAG-7717

Þegar einstaklingur er merktur „Kominn“ í flípunum „Tímabókanir“ og „Komur“ í Afgreiðslu þá uppfærast kerfissjúklingur í sjúklingaborða.

## Aukagluggi Sögu

### Ný textasýn

SAG-7357

Ef notandi sjar gögn sjúklings m.t.t tímabils þá óvirkjast „Sækja meira“ hnappurinn.

## Aðgangsstýringar

### Yfirlitsgluggi aðgangsstýringa

SAG-6471

Nú sést í glugganum hvort notandi hafi aðgang að samtengingum (PatientIndex).

## Aðvaranir sjúklings (skráning)

### Saga - Snjóhorn, gluggi „Ástæða ógildingar“

SAG-6961

Þegar verið er að ógilda skráningu ofnæmis er nú hægt að velja eftirfarandi valmöguleika sem skýringu.

1. Ekki ofnæmi, staðfest klínískt
2. Ranglega skráð

3. Skráning röng skv. sjúklingi

#### Dagplan deildar

##### Dagplan deildar - Innlagnar dagsetning

SAG-7039

Nú er búið að fjarlægja dálkinn innl.d og í stað komnir 3 dálkar. „innl.d.sto.“ (upphaf vistar), „innl.d.dei.“ (upphaf dvalar) og „innl.d.lot.“ (upphaf legu).

##### Dagplan

SAG-7648

Sýn í gagnagrunninum (V\_DEPARTMENT\_DAY\_PLAN\_GENERAL) sem notað er til að birta Dagplan deildar var lagfært. Tekið er tillit til ógildra færslna í útskriftaráætlun og upplýsingasöfnun. Einnig er sýnin endurbætt þannig að sjúklingar verða ekki tvíteknir eins og gat gerst sem afleiðing af eldri villu sem var lagfærð í lok árs 2015.

##### Tenging við Diónu kerfi

SAG-7201

Komin er tenging á milli Sögu og Diónu. Nú er hægt að opna Diónu forritið úr Sögu, samræma lykilorð á milli Sögu og Diónu og stofna nýja sjúklinga í Diónu þegar sjúklingur er stofnaður í Sögu.

Skrár sem þarf fyrir samþættinguna: <https://tmssoftware.box.com/s/tr1p8tlb8tfz2pafeoghaptrnjakovz>

##### Opna Diónu í Sögu

Búa þarf til eininguna með heitir gaDiana.

Afrita þarf DianaMaintain.dll og config.ini skrána undir gaShell möppuna eða eitthvert í path þar sem dll-inn finnst. Stilla þarf config.ini til að benda á Diónu.

##### Samræma lykilorð

Komin er startup þjónustan „Diana Password sync“ sem þarf að virkja.

Afrita þarf DianaMaintain.dll og config.ini undir Saga application server möppuna og stilla config.ini.

Gert er ráð fyrir því að notandanafnið í Sögu sé það sama og í Diónu.

##### Stofna sjúklinga í Diónu

Komin er startup þjónustan „Diana Create Patient“ sem þarf að virkja.

Afrita þarf dll-inn og config skrána undir appserver.

##### Eyðublöð

SAG-7605

Nýtt eyðublað #5100 - Útskriftarleiðbeiningar - er hugsað til að skrifa og afhenda sjúklingum leiðbeiningar eftir aðgerð/meðferð.

#### Eyðublað

##### Eyðublað - V-læknisvottorð vegna ferðatrygginga (SFF) #537

SAG-7055

Blaðinu var breytt í samræmi við breytingartillögu frá SFF.

##### Eyðublað - Beiðni um gistingu #721

SAG-7116

Nú er hægt að velja NCSP og ICD-10 kóða í Tilefni.

#### Eyðublöð (gaSheetModule)

##### Eyðublöð - F8 virkni til að opna afgreiðslu

SAG-7163

Nú er hægt velja um „Já“, „Nei“ og „Hætta við“ þegar F8 er notað til að fara yfir í Afgreiðslu úr Eyðublöðum og spurt er hvort staðfesta eigi samskipti.

Ef „Já“ er valið þá eru samskiptin staðfest og farið yfir í Afgreiðslu ef hægt er að staðfesta öll blöð í samskiptunum.

Ef „Nei“ er valið þá eru samskiptin ekki staðfest og farið yfir í Afgreiðslu.

Ef „Hætta við“ er valið er ekkert gert og notandi er áfram í Eyðublöðum.

##### Eyðublöð

SAG-7860

Búið er að draga úr minnisnotkun þegar stór viðhengi eru skoðuð í Eyðublaðaeiningunni, og vandalaust að skoða t.d. stór PDF skjöl án þess að minnisvandræða verði vart.

SAG-7388

## Eyðublöð - Senda blað sem viðhengi, ferilsaga

Nú sést deildin sem blað var sent sem viðhengi á í ferilsögu blaðs. Deildin birtist í sama dálki og starfsmaður birtist í þegar blað er sent sem viðhengi á starfsmann. Heiti dálksins hefur verið breytt í „Annar starfsmaður/deild“.

SAG-7424

## Eyðublöð (gaSheetModule)

Þegar notandi hægrismellir á eyðublað opnast listi af aðgerðum. Aðgerðin „Ógilda blað“ er nú flokkuð neðst ásamt „Eyða blaði“.

SAG-6939

## Eyðublað - Bréf og greinagerðir #112

Nú stendur „Varðandi“ í stað „Skjólstæðingur“ í útprentun á „Bréf og greinagerðir“.

SAG-7166

## Eyðublöð - Fjölskyldutré og tengslakort

Nú er hnappur fyrir Fjölskyldutré og tengslakort í tólastikunni við hliðina á Aðstandendur-hnappinum.

SAG-7573

## Eyðublaðaeining

Nú er ekki lengur hægt að eyða samskiptum sem innihalda kerfiseyðublöð

SAG-7446

## Eyðublöð - Villa við afritun

Löguð var villa þar sem tenging milli eyðublaðs og legu gat glatast. Var til staðar fyrir eftirfarandi eyðublöð: Aðgerðalýsing #11, Læknabréf #12) og Útskriftarnóta #13.

SAG-7025

## Eyðublað - Beiðni um sjúkrahótel #721

Nú er hægt að vandaliða eyðublaðið.

SAG-7783

## Eyðublöð - Eyðublaðatré

Villa sem kom þegar smellt var á plús fyrir nóðu hefur verið löguð. Villan fólst í því að kerfið fraus. Villan kom þegar valinn sjúklingur átti lotur sem skráðar voru á annarri deild en notandi var skráður inn á.

## Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

SAG-7470

## Forsíða sjúklings - Lífsmörk og NEWS

AVPU og NEWS gildum og áhættustigi hefur verið bætt við Hjúkrunaryfirlits- og Lífsmarkakafila í Forsíðu sjúklings.

SAG-7469

## Mælingar - Lífsmörk og stigun (NEWS)

„Lífsmörk og súrefni“ mælingarnar heita nú „Lífsmörk og stigun (NEWS)“  
Nú er hægt að skrá AVPU gildi sem hluta af lífsmarkaskráningu. Þessi skráning var áður í mat á meðvitund mælingunni.

SAG-7293

## Forsíða sjúklings - Fjölskylda og aðstandendur

Löguð var villa þar sem einstaklingur var ekki sýndur sem látinn í fjölskylduflipa ef hann var skráður með afdrif „LÉST“ í stað „MORS“ samkvæmt Þjóðskrá.  
Einnig ef einstaklingur er skráður sem látinn samkvæmt Sögu en ekki Þjóðskrá þá er hann sýndur sem látinn í Aðstandendaflipa.

SAG-7458

## Forsíða sjúklings - Lyfjakort - Lyfjaendurnýjunarfjölvalsgluggi

Nú er hægt að endurnýja undanþágulyf í fjölvalsglugga og þarf lækni að haka við „Staðfesting læknis“ til að hægt sé að senda endurnýjun. Hægt er breyta upplýsingum tengdum lyfjaávisun fyrir undanþágulyf eins og fyrir venjuleg lyf, nema að breytingaglugginn þarf fleiri upplýsingar eins og t.d. rökstuðning læknis og staðfesting læknis.

Endurnýjunarvalmyndin í fjölvalsglugganum hefur núna táknmyndir hjá heiti lyfs sem að standa fyrir

- „Eftirritunarskylt“
- „Skómmtun“
- „Undanþágulyf“

í stað gamla viðmótsins þar sem að þessi atriði voru annaðhvort merkt með „Já“ eða „Nei“

SAG-7654

## Forsíða sjúklings - Lyfjakort og lyfjaendurnýjun.

Nú eru rétt lyf valin þegar valið er að endurnýja fleiri en eitt lyf í einu og lyfin sem valin voru eru af lyfseðlum með tveimur lyfjum.

#### KIOSK (uppfletting heimilisfólks)

##### Kiosk

SAG-7023

Leitinni breytt þannig að leitað er eftir fornöfnum og leitin byrjar samstundis (var upprunalega 3 sek bið).  
Ekki sést rúmnúmer sjúklings heldur bara nafn, deild og/eða herbergi  
Ekki þarf að tvísmella á nafn í fellivalmynd heldur bara smella einu sinni.

##### KIOSK - Uppfletting heimilisfólks

SAG-7757

Nú gerir kiosk ekki mun á eftirfarandi stöfum við leit:  
a/á, ð/d, é/e, í/i, ó/o, ú/u ý/y og ö/o

#### Legur (gaADTAdmissions)

##### ADT - Legur

SAG-7528

Ekki var hægt að velja herbergi og rúm við að breyta rúmi fyrir dagdeildarsjúkling. Það hefur nú verið lagað.

##### ADT - Legur - Dagdeildarsjúklingar

SAG-7317

Nú birtast dagdeildarsjúklingar og dagdeildir í Legum ef stilligildi 180 er virkt. Þar er hægt að framkvæma sömu aðgerðir á þá eins og ef um legusjúkling væri að ræða.

##### ADT - Legur

SAG-7423

Nú er hægt að staðfesta mætingu fyrir dagdeildarsjúkling sem skráður er fram í tímann.

##### Legur (gaADTAdmissions)

SAG-7433

Þegar reynt er að innrita sjúkling sem er þegar innritaður á aðra deild, þá fær notandinn meldingu um þá stofnun og deild sem sjúklingurinn er innritaður á, og notandinn er beðinn um að staðfesta innritunina.

#### Meðferðarskráning (gaTreatment)

##### Meðferð - Villa við að eyða hjúkrunargreiningu löguð

SAG-7235

Löguð var villa sem kom þegar hjúkrunargreiningu var eytt.

#### Mælingar (gaMeasurements)

##### Lífsmörk og mælingar - Stigun (NEWS)

SAG-7468

Nú reiknar kerfið stigun (NEWS) þegar lífsmörk eru skráð. Stigunin og alvarleikinn eru síðan sýnd í lífsmarkatöflunni og lífsmarkalínuritinu.  
Stigun er ekki reiknuð fyrir eldri lífsmörk en ef eldri lífsmarkafærslu er breytt reiknast og vistast SBS stig fyrir hana.

##### Mælingar - Aldursútreikningur fyrir gervikennitölur

SAG-7729

Nú er fæðingardagur sjúklings, ef hann er skráður, notaður til að reikna út aldur sjúklings þegar verið er að ákveða hvort birta eigi stigun eða ekki.

##### Mælingar - Útreikningur á stigun

SAG-7732

Nú bætast ekki tvö stig við stigun vegna súrefnisgjafar nema gildi sem er stærra en núll sé skráð í súrefnisgjafareit fyrir lítra, eða gildi stærra en 21 skráð í súrefnisgjafareit fyrir prósentur.

##### Mælingar - Mat á meðvitund og taugakerfi og AVPU skráningar

SAG-7538

Ekki er lengur hægt að sjá AVPU mælingar eða skrá þær í mat á meðvitund og taugakerfi. AVPU mælingar eru nú hluti af „Lífsmörk og stigun (NEWS)“.

Eldri AVPU gildi sjást enn undir mat á meðvitund og taugakerfi í textasýn.

#### Mælingar - Lífsmörk og súrefni

SAG-7018

Bætt var við nýjum valmöguleika „Í gegnum hitakassa“ fyrir mæligildi „Leið súrefnisgjafar“.

#### Lífsmörk og mælingar - AVPU mælingar afritaðar úr mat á meðvitund og taugakerfi

SAG-7487

Allar AVPU mælingar hafa verið afritaðar úr mat á meðvitund og taugakerfi yfir í „Lífsmörk og stigun (NEWS)“.

#### Lífsmörk og mælingar - Stigun (NEWS) og börn

SAG-7572

Stigun (NEWS) er ekki reiknuð út eða sýnileg fyrir sjúklinga yngri en 18 ára. Ef lífsmarkafærslu sem var skráð þegar sjúklingur var yngri en 18 ára er breytt eftir að hann verður 18 ára er stigunin reiknuð út fyrir breyttu færsluna.

#### Lífsmörk og stigun (NEWS) - Stigun ekki reiknuð nema öll mæligildi séu slegin inn

SAG-7645

Nú er stigun ekki reiknuð nema notandi hafi slegið inn gildi fyrir allar mælingar sem stigunin er reiknuð út frá. Þessar mælingar eru hiti, púls, efri mörk blóðþrýstings, öndun, súrefnismettun, súrefnisgjöf og AVPU.

Ef skilyrði fyrir útreikningi eru ekki uppfyllt er textinn „Niðurstaða ófullnægjandi“ birtur í staðinn fyrir áhættu stigunar.

#### Mælingar - Blóðmælingar

SAG-7222

Við skráningu á „Blóðsykursgildi“ hefur verið bætt við möguleika að skrá hvort einstaklingurinn sé „Ekki fastandi“ eða „Fastandi“.

#### Mælingar

SAG-7479

Mælingaflokkar í Mælingaeiningunni raðast eftir stafrófsröð eða eftir sérsniði.

### Mæðraskrá (fæðing)

#### Fæðing - skrá fæðingarstillingu

SAG-7683

Nú er hægt að skrá fæðingarstillingu sem móðir fæddi barn í.

### Persónuupplýsingar

#### Persónuupplýsingar

SAG-7577

Persónuupplýsingaglugganum hefur verið breytt. Í stað reitsins „Heimilisfang“ er nú „Lögheimili“ og er sjálfkrafa fyllt inn í „Lögheimili“, „Póstsvæði“, „Póstnúmer“, „Land“ og „Sveitarfélag“ út frá upplýsingum fengnum frá þjóðskrá.

Þegar valinn er „Heimilislæknir“ úr uppfetttilista, koma einungis upp þeir heimilislæknar sem hafa aðgang að valinni heilsugæslustöð í reitnum „Heilsugæsla“.

Ef stilligildi 172 er óvirkt og engin heilsugæsla er valin þá er hægt að velja alla lækna.

### Almennt í Sögu

#### Theriak Epd Client stuðningur

SAG-7473

Nú er hægt að opna Theriak Epd Client úr Sögu. Kveikt er á virkninni með stilligildi 182. Theriak Edp þarf að vera uppsett til að hægt sé að ræsa það úr Sögu

#### Kerfissjúklingur

SAG-7665

Ef skipt var hratt á milli eininga þá gat komið upp sú staða að sitthvor sjúklingurinn var valinn í sjúklingastikunni og inni í einingunni. Þetta hefur verið lagað.

#### Skilaboðaeining

SAG-7266

Gula umslagið sem birtist þegar notandi fær ný skilaboð birtist ekki lengur í horninu niðri hægra megin. Upplýsingar um ný skilaboð birtast í hvítu umslagi fyrir neðan sjúklingaborða.

## Saga.NET

## Sendingar komureikninga

SAG-7493

Nú eru allar kvittanir og afgreiðsluseðlar sendir til Sí óháð greiðslustöðu.

## Samtengingar (Umhyggja)

## Samtengingar - Texti á „Loka-hnapp“ og villuskilaboð

SAG-7032

Hnappurinn til að loka glugganum er nú með fyrirsögnina „Loka“.  
Leturstærð villuskilaboða og icon hafa verið minnkuð

## Sjúklingastika

## Heimilislæknir og heilsugæsla aftur sýnileg í sjúklingastiku

SAG-7450

Komið er stilligildi #7000 sem gerir kerfisstjórum kleift að stilla niður á deild svokallaðar „flýtiupplýsingar“ sem birtast í sjúklingaborðanum, við hliðina á upplýsingum um sjúkling. Hægt er að koma hámark 4 línur fyrir með skástriki (ýmist \ eða /) á milli lína.

Í textanum er hægt innan í slaufsvigum að vísa í kerfisbreytur sem eru útfylltar á keyrslutíma í hvert skipti sem nýr sjúklingur er valinn.  
Dæmi:

```
Heimilislæknir:{PrimaryCarePhysician}
```

birtir heimilislækninn, og

```
{Clinic}/{PrimaryCarePhysician}
```

birtir 2 línur: heilsugæslustöðina í þeirri efri og heimilislækninn í þeirri neðri.

Leyfilegar kerfisbreytur eru:

```
{Age} Aldur
{Clinic} Heilsugæsla
{PrimaryCarePhysician} Heilsugæslulæknir
{BloodGroup} Blóðflokkur
{Patient.PersonId} Kennitala
{Patient.Name} Nafn
{Patient.Address} Aðsetur
{Patient.City} Bær
{Patient.ZipCode} Póstnúmer
{Patient.Phonenumber} Heimasími
{Patient.Workphone} Vinnusími
{Patient.Mobile} Farsími
{Patient.Email} Netfang
{Patient.PlacementLocation} Staðsetning, ef innlagður
```

## Sjúklingaval (gaPatientSelectionBar)

## Sjúklingaval - deildir

SAG-7379

Nú sjást ferlisjúklingar á dagdeild í deildarlistanum ef stilligildi 180 er virkt.

## Skel (gaShell)

## Afskrá notanda sjálfkrafa

SAG-7448

Ef Saga er læst og stilligildi 181 er virkt þá afskráist notandinn sjálfkrafa eftir ákveðinn tíma og nýr innskráningargluggi birtist. Gildið er tíminn í mínútum sem er beðið áður en Saga afskráir notandann.

## Stillingar (gaConfigurator)

## Stillingar - sms skilaboð (stilligildi 1212)

SAG-7865

Löguð var villa þar sem stilligildi 1212 var ekki hægt að setja út frá innskráningardeild.

Ef notandi hefur samskipti með því að senda skilaboð til sjúklings í gegnum Heilsuveru er sms texti sem notandi fær tekinn út frá stilligildi sett á innskráningardeild ef það er til.

## Textasýn (WPF)

## Ný Textasýn - Lífsmörk og stigun (NEWS)

SAG-7472

Lífsmörk og stigun (NEWS) er nú sýnt í Ný Textasýn.

## Ný textasýn

SAG-7530

Nýja textasýn velur sjálfkrafa sömu gömlu síu og notuð var síðast.

## Ný Textasýn

SAG-7531

Lýsing á síu er alltaf sýnd þegar síur úr „Textasýn“ eru virkar í „Ný Textasýn“.

## Vefþjónustur (external)

## Vefþjónustur - MedicalDataService aðgerðin GetLatestVitalAndOxygenMeasurements

SAG-7747

GetLatestVitalAndOxygenMeasurements aðgerðin í MedicalDataService skilar nú öllum mæligildum sem hægt er að skrá í lífsmarkaviðmóttinu í mælingareiningunni í Sögu.

## Vefþjónustur - MedicalDataService þjónustuaðgerð CalculateVitalsNewsScore

SAG-7746

Komin er ný aðgerð í MedicalDataService þjónustuna, CalculateVitalsNewsScore, sem reiknar út stigun fyrir lífsmarkagildi.

Lýsingin er aðgengileg á <http://SÖGU.NET VÉLARNAFN/Services/MedicalData/MedicalDataService.svc?wsdl>.

## Vefþjónustur - MedicalDataService, Lífsmörk og NEWS

SAG-7471

Bætt var við gildunum AVPU, NEWS stig og NEWS áhætta í GetLatestVitalAndOxygenMeasurements, GetVitalMeasurements og GetVitalMeasurementsInfo og NewVitalMeasurement.

## Vera (Fyrirspurnalag)

## Gagnaveitur VERU í Sögu.Net - Tímabókanir

SAG-7456

Nú er hægt að stilla Sögu.Net þannig að sjúklingur er búinn til sjálfkrafa í þeim gagnagrunni sem Saga.Net keyrir á móti ef fyrirspurn úr VERU berst fyrir kennitölu sem ekki er til í grunninum. Til að kveikja á þessari virkni þarf að virkja stilligildi 183.

## Vinnulisti (gaWorklist)

## Vinnulisti

SAG-7545

Nú eru kerfiseyðublöð, líkt og Samskiptaseðlar Veru, ekki sýnd í vinnulista.

## Viðhengi (gaAttachments)

## Viðhengi

SAG-7582

Löguð var villa sem kom öðru hverju þegar viðhengi var eytt.